

Nd.

626. Breytingartillögur

[217. mál]

við frv. til laga um utanríkisþjónustu Íslands.

Frá Magnúsi Kjartanssyni og Sigurvin Einarssyni.

1. Á eftir 1. gr. komi ný grein, sem orðist svo:

Um allar meiri háttar ákvarðanir í utanríkismálum skal ráðuneytið hafa samráð við utanríkismálanefnd Alþingis, bæði meðan Alþingi er að störfum og milli þinga.

Sendinefnd Íslands á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna er skipuð af ráðherra til eins árs í senn, og skulu þingflokkarnir hafa rétt til að tilnefna einn fulltrúa hver í nefndina.

Árlega skal ráðherra gefa Alþingi skýrslu um viðhorf ríkisstjórnarinnar til utanríkismála og um störf íslensku sendinefndarinnar á þingi Sameinuðu þjóðanna, ásamt rökstuddri greinargerð um afstöðu Íslands til einstakra mála á þinginu.

2. 4. gr., sem lagt er til að verði 5. gr., orðist svo:

Hafa skal sendiráð, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og ræðisskrifstofur á þeim stöðum erlendis, þar sem slíkt er álitid nauðsynlegt til gæzlu á hagsmunum Íslands.

Ákveða skal með forsetaúrskurði, að fengnu samþykki Alþingis, á hvaða stöðum skuli hafa sendiráð og fastanefndir hjá alþjóðastofnunum.